



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 17. maí 2021

RMF21060004

2.6.2

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Umsögn um ósk SÍM um að efla Korpúlfsstaði enn frekar sem menningarmiðstöð - R20010179

Með erindi frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, SÍM; þann 27. október 2020, fer stjórn SÍM þess á leit við borgarstjóra, Dag B. Eggertsson, að Korpúlfsstaðir verði efldir enn frekar sem listamiðstöð.

Í erindinu kemur fram að SÍM hafi undanfarin 25 ár haldið úti vinnustofum á Korpúlfsstöðum fyrir myndlistarmenn, auk þess sem aðildarfélög SÍM hafi haft aðstöðu í húsinu fyrir sína eigin starfsemi. Þá hefur SÍM staðið fyrir listviðburðum og sýningum á Korpúlfsstöðum sem hafi verið vel sóttar. Til að efla megi menningarstarf í húsnæði enn frekar þurfi hins vegar að fara í kostnaðarsamar endurbætur, svo sem á Hlöðuloftinu. SÍM segir markmiðið að gera húsnæðið að öflugri miðstöð myndlistar þar sem áhersla verði lögð á grasrót og starfandi myndlistarmenn. Mikill skortur sé á aðgengilegum og opnum listrymum í Reykjavík og Korpúlfsstaði megi nýta enn betur í þeim efnum.

Menningar- og ferðamálasvið telur að Reykjavíkurborg þurfi að móta stefnu um starfsemi Korpúlfsstaða áður en afstaða verði tekin til erindis SÍM.

Ljóst sé þó að Korpúlfsstaðir er spennandi kostur fyrir enn öflugri starfsemi líkt og SÍM hefur hugmyndir um. Í samráðsferli um nýja menningarstefnu fyrir Reykjavíkurborg, sem nú stendur yfir, kemur fram að mikil þörf sé á rýmum til listsköpunar víða um borg og eins er kallað eftir því að áhersla verði lögð á dreifingu menningar og lista um hverfi borgarinnar. Líklegt er að þessir þættir eigi eftir að birtast í nýrri menningarstefnu eða aðgerðaráætlun hennar.

Virðingarfyllt

Arna Schram

sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs